**Tollstjórinn í Reykjavík**

Dagsetning/Date
7. nóvember 2005

Tilvísun/Reference

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/15
komudagur 9.11.2005

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

**Frumvarp til laga um breyting á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002.**

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis, dags. 26. október s.l., þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um frumvarp til laga um breyting á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002, með síðari breytingum, 179. mál, sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Til svars erindinu skal tekið fram að fulltrúar embættisins komu að gerð frumvarps til nefndra laga og reglugerðar sem fyrirhugað er að setja verði frumvarpið að lögum. Við þá vinnu hafði embættið tækifæri til þess að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um ýmsi atriði sem það taldi ástæðu til að vekja athygli á og almennt hefur verið tekið tillit til við gerð fyrirliggjandi frumvarps. Af hálfu embættisins eru því ekki gerðar frekari athugasemdir og lagt til að það verði samþykkt.

F.h. tollstjórans í Reykjavík

Sigurgeir A. Jónsson

Tryggvagötu 19 · 101 Reykjavík · Sími: +354 560 0300 · Fax: +354 562 5826 · tollstjori@tollur.is